

**377. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 11. janúar 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

**Mætt:**

Björn H Hilmarsson  
 Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Auður Kjartansdóttir  
 Jón Bjarki Jónatansson  
 Michael Gluszuk  
 Margrét Sif Sævarsdóttir  
 Patryk Zolobow í fjarveru FS  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

- 1) Fundargerð 178. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum með lið 4.  
 Lögð voru fram fylgiskjöl með lið 2 og lið 4.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) Fundargerð íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 27. nóvember 2023.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) Fundargerð menningarnefndar, dags. 12. desember 2023.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) Fundargerð 16. fundar öldungaráðs, dags. 12. desember 2023.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) Fundargerð stjórnar FSS, dags. 30. nóvember 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 6) Fundargerð 210. fundar Breiðafjardarnefndar, dags. 18. september 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 7) Fundargerð 187. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 4. desember 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 8) Fundargerð 178. fundar stjórnar SSV, dags. 29. nóvember 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 9) Fundargerðir 939. og 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember og 15. desember 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 10) Fundargerð 459. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 8. desember 2023.  
 Lagt fram til kynningar.
- 11) Bréf frá Eyrbyggjasögufélaginu, dags. 28. desember 2023, varðandi gerð Eyrbyggjusögurefils á Snæfellsnesi 2024.  
 Bæjarstjórn útdeilir styrkjum hvers árs á haustmánuðum og getur því miður ekki orðið við erindinu að þessu sinni.

BB BHJ MR AU  
 MSS J/B QZ

**12) Tillögur að nafni á húsnæði Félags eldri borgara að Ólafsbraut 23.**

Bæjarstjórn telur rétt að fá formann Félags eldri borgara ásamt aðila frá hússtjórn og 3 fulltrúum bæjarstjórnar til að skoða tillögur og ákveða nafn.  
Bæjarstjórn tilnefndi Kristinn, Júníönu Björgu og Michael fyrir hönd bæjarstjórnar.

**13) Erró listaverk. Val á tillögum að verki.**

Bæjarstjórn þakkar menningarnefnd fyrir sínar hugmyndir. Bæjarstjórn kaus um verkin sem komu til greina og verður upplýsingar- og kynningarfulltrúa falið að panta verkið og koma málinu í farveg. Jafnfram var rætt um staðsetningu á verkinu og var ákveðið að setja það á Sáið við lækinn, með fyrirvara um samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar. Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að fela tæknideild Snæfellsbæjar að fara að undirbúa þöntun á vegg til að setja verkið á.

**14) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. janúar 2024, varaðndi sæluhúsið á Fróðárheidi.**  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela tæknideild Snæfellsbæjar að ræða við Vegagerðina um þetta verkefni.**15) Bréf frá Ragnari Má Ragnarssyni, dags. 29. desember 2023, varðandi uppsögn á starfi.**

Bæjarstjórn þykir eftirsjá af Ragnari og þakkar honum störf sín fyrir Snæfellsbæ. Rætt var um mögulegar breytingar á tæknideildinni. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að auglýsa eftir byggingarfulltrúa og jafnframt eftir þjónustufulltrúa í tæknideild.

**16) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. desember 2023, varðandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnum þjónustu við fatlað fólk.**  
Lagt fram til kynningar.**17) Bréf frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 15. desember 2023, varðandi breytingu á útsvari 2024, ásamt bréfi Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, til ráðuneytisins þar sem útsvarsprósenta Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 er staðfest.**

Bæjarstjórn staðfestir fyrri ákvörðun, frá því í desember, að útsvarsprósenta 2024 í Snæfellsbæ verði 14,97.


**18) Minnispunktar bæjarstjóra.**

- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2023.
- Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
- Bæjarstjóri ræddi tekjamál í Áhaldahúsi Snæfellsbæjar. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða aukafjárveitingu til kaupa á nýjum saltdreifara í Áhaldahúsið, allt að 2.500.000.-
- Bæjarstjórn ræddi afar vel heppnaðar heimsóknir í hluta af stofnum Snæfellsbæjar í þessari viku. Í febrúar er stefnt að fara í heimsóknir í þær stofnanir sem eftir eru.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:36




Björn H. Hilmarsson




Júníana Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszuk



Auður Kjartansdóttir



Magrét Sif Sævarsdoottir

Jón Bjarki Jónatansson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Patryk Zolobow

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari